



Fréttatilkynning frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝR FORSETABIKAR ÁSGEIRSBIKARINN

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson tilkynnir síðdegis í dag við verðlaunahendingu á Íslandsmeistaramóti í sundi að hann hafi ákveðið að gefa nýjan verðlaunabikar í stað Pálsbikarsins sem í dag verður afhentur í fimmtugasta og síðasta sinn.

Pálsbikarinn var á sínum tíma gefinn af Ásgeiri Ásgeirssyni forseta Íslands en hann var mikill áhugamaður um sundíþróttina og stundaði sund daglega á langri ævi. Flestir afreksmenn Íslands í sundíþróttinni hafa hlotið Pálsbikarinn á þessum 50 árum.

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur að höfðu samráði við forystumenn Sundsambands Íslands ákveðið að við hæfi sé að hinn nýi bikar sem hann gefur verði kenndur við Ásgeir Ásgeirsson forseta Íslands vegna langvarandi hollustu Ásgeirs við sundíþróttina.

Hinn nýi forsetabikar verður farandbikar líkt og hinn fyrri og veittur afreksfólki í sundi næstu 50 árin. Sundsamband Íslands mun í samvinnu við forseta setja reglugerð um bikarinn og annast um veitingu hans og varðveislu.

Ásgeirsbikarinn verður veittur í fyrsta sinn árið 2008.

18. mars 2007

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) Hörður Oddfríðarson formaður Sundsambands Íslands (824 7635)